

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 13. nóvember 2012  
Tilvísun: UST20121100002/sá

### Umsögn - verndar- og orkunýtingaráætlun, 3. mál

Þann 31. október 2012 sendi umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, Umhverfisstofnun, til umsagnar frumvarp til laga um verndar- og orkunýtingaráætlun (flokkun virkjunarkosta og gerð orkunýtingaráætlunar), 3. mál.

Með frumvarpinu er í 1. gr. lagt til að eftirfarandi 3. mál. 3. mgr. 3. gr. falli brott:


„Verndar- og orkunýtingaráætlun tekur ekki til landsvæða sem njóta friðlýsingar í samræmi við 50. gr. laga um náttúruvernd nema tiltekið sé í friðlýsingarskilmálum að virkjunarframkvæmdir séu heimilar á viðkomandi svæði.“


Umhverfisstofnun hefur á fyrri stigum lagt mikla áherslu á framangreint ákvæði enda telur stofnunin að ráðstöfun lands til orkuvinnslu og friðlýsing á sama svæði fari almennt ekki saman. Yrði tillaga þessi að lögum myndi að mati stofnunarinnar það kerfi sem sett er upp með verndar- og orkunýtingaráætlun verða afar mótsagnakennt þar sem aðferðafræðin gengur beinlínis út á það að flokka svæði í orkuvinnslusvæði annars vegar og svæði til verndunar hins vegar. Svæði sem þegar hafa verið friðlýst hefðu þannig allt aðra stöðu en svæði sem hugmyndin er að friðlýsa í framtíðinni. Slík svæði eru yfir 100 talsins. Umhverfisstofnun bendir á að tilgangur friðlýsingar á grundvelli framangreindra laga er aðeins sá að friðlýsa gegn orkuvinnslu. Þau markmið sem friðlýsingar á grundvelli laga nr. 44/1999 um náttúruvernd byggja á eru mun víðtækari. Gríðarleg vinna hefur farið í að undirbúa þær friðlýsingar og skipuleggja verndun þeirra í framhaldinu í samstarfi við landeigendur, sveitarfélög og aðra hagsmunaaðila m.a. með gerð verndaráætlana. Sú vinna yrði með samþykkt framangreindrar tillögu sett í uppnám. Bendir stofnunin á að landeigendur og sveitarfélög sjá nú í auknum mæli tækifæri t.d. í ferðaþjónustu og markaðssetningu á vörum í friðlýsingu. Nefna má í þessu sambandi vörur sem sendar eru undir merkinu: „Úr ríki Vatnajökuls“ en það eru vörur og þjónusta sem framleiddar eru innan og á jaðri Vatnajökulshljóðgarðs. Svipað samstarf er fyrir hendi milli aðila í nágrenni Snæfellsjökulshljóðgarðs. Geta því falist töluverðir atvinnuhagsmunir í því að verndarstaða friðlýstra svæða haldi sér. Stór hluti þeirra svæða sem friðlýst hafa verið á undanförunum árum hefur verið friðlýstur að frumkvæði landeigenda og/eða sveitarfélaga. Umhverfisstofnun leggur því til að framangreind tillaga verði felld út úr frumvarpinu

Með 2. gr. frumvarpsins er lagt til að fyrirvari varðandi matsskyldu verði felldur út úr 3. mgr.

5. gr. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, c-lið i, er djúpbörðun, einkum börðun á börðun á vinnsluholum og rannsóknarholum á háhitasvæðum, háð ákvörðun um matskyldu skv. 6. gr. laganna. Ástæða þessa er að börðun á rannsóknarholum og vinnsluholum getur haft mjög áþekk umhverfisáhrif. Meginregla laganna er ennfremur sbr. 1. mgr. 13. gr. að óheimilt er að gefa út leyfi til framkvæmdar fyrir en álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum liggur fyrir eða ákvörðun um að framkvæmd sé ekki matskyld. Umhverfisstofnun leggur því til að framangreind tillaga verði felld út úr frumvarpinu.

Virðingarfyllst

  
Sigrún Agústsdóttir  
sviðsstjóri



Anna Kristín Ólafsdóttir  
sérfræðingur